

Föstudaginn 10. maí 1985.

Nr. 23/1983

Árni Ág. Gunnarsson

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Guðfinni Karlssyni**Guðmundi Þorleifssyni****Haraldi Eyvindssyni****Karli Karlssyni****Sigríði Jónsdóttur og****Sigurði Þorleifssyni****og til réttargæslu Guðna Sturlaugssyni**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Hlutfélag.

Áfrýjun.

Aðild.

Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s.m. Dómkröfur hans eru, að kröfur hans í héraði verði teknar til greina, þ.e. að stefndu „verði gert að þola, sbr. 115. gr. 1. nr. 32/1978 að hlutfélaginu Þorlákssvör, Þorlákshöfn, sé slitið með dómi“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum. Þegar málið var munnlega flutt fyrir Hæstarétti, lýsti lögmaður áfrýjanda því yfir, að hann teldi, að Þorlákssvör h/f væri varnaraðili hér fyrir dómi. Væri félagið að vísu ekki nefnt í áfrýjunarstefnu, en stjórnarmenn þess væru þar meðal þeirra, sem stefnt væri, og bæri að líta svo á, að þeim væri stefnt bæði persónulega og fyrir félagsins hönd.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu tekur áfrýjun héraðsdóms ekki til Þorlákssvarar h/f, sem ásamt stefndu hér fyrir dómi var aðili máls í héraði. Kemur héraðsdómurinn því ekki til endurskoðunar að því leyti. Þó að rétt hafi verið að beina málsókninni að félaginu, svo sem gert var í héraði, þykir það ekki standa því í vegi, að dómur verði lagður á málið, eins og það hefur verið borið undir Hæstarétt, enda er áfrýjun héraðsdóms beint að stjórnarmönnum og öllum

öðrum hluthöfum en áfrýjanda sjálfum og engin andmæli höfð uppi af þeirra hálfu varðandi málsaðildina.

Stjórnarfundur í Þorlákssvör h/f var haldinn 1. mars 1980. Fundinn sátu allir stjórnarmenn, Karl Karlsson og Sigurður Þorleifsson (stefndu) og Árni Ág. Gunnarsson (áfrýjandi). Einnig sat Hjálmar Styrkársson fundinn. Frá því var skýrt, að fiskvinnsla hefði engin verið á vegum félagsins 1979. Framkvæmdastjóri félagsins, Karl Karlsson, skýrði frá viðræðum við Guðna Sturlaugsson (réttargæslustefnda) um, að Guðni keypti fiskverkunarhús félagsins, útbúnað til starfrækslunnar og hjalla fyrir 110 milljónir gamalla króna. Skyldu 20 milljónir greiddar á 6-8 mánuðum og eftirstöðvar með skuldabréfum til um 8 ára með um 16% ársvöxtum. Karl kvaðst því meðmæltur, að selt yrði með þessum skilmálum, og hið sama sagði Sigurður Þorleifsson. Kom til orðaskipta milli stjórnarmanna, og að svo búnu gekk áfrýjandi af fundinum.

Boðað var til hluthafafundar 8. mars 1980. Óumdeilt er, að símkeyti hafi verið sent áfrýjanda til að boða hann á fundinn, en hann kveðst eigi hafa fengið skeytið. Skeytið var sent 4. mars, en eftir 10. gr. samþykkt hlutafélagsins skal boða slíka fundi með viku fyrirvara. Áfrýjandi sat ekki fund þennan, en samkvæmt fundargerð voru þar hluthafar og umboðsmenn hluthafa, sem áttu 79% hlutafjár. Sala eigna til Guðna Sturlaugssonar var samþykkt á fundi þessum. Á framhaldsaðalfundi Þorlákssvarar h/f 21. október 1980 var samþykkt að staðfesta söluna. Er ekki um það deilt, að framhaldsaðalfundurinn hafi verið löglega boðaður og gerðir hans réttar að formi.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar á 115. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978, en lagagreinin er þannig:

„Hluthafar, sem ráða yfir 1/5 hluta hlutafjárins, geta krafist þess, að félagi sé slitið með dómi, ef hluthafar hafa af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félags.“

Í máli þessu er komið fram, að áfrýjandi átti 20% hlutafjár í Þorlákssvör h/f og var fram á haustið 1980 einn af stjórnarmönnum þess. Hann deildi við aðra stjórnarmenn um það, hvort tiltekna eignir, sem virðast hafa verið nær allt, sem félagið átti af fasteignum og lausafé, skyldu seldar, eftir að starfsemi félagsins, fiskverk-

un, hafði legið niðri um skeið. Stjórn félagsins gat ekki selt, meðan áfrýjandi sat í stjórn, þar sem stjórnarmenn þurftu eftir samþykktum félagsins að vera sammála um þessa ráðstöfun. Var þá efnt til hluthafafundar, en ósannað er, að áfrýjandi hafi verið boðaður þangað með löglegum hætti, og sat hann ekki fundinn sem fyrr segir. Engu að síður var gerð samþykkt um, að selt skyldi. Enn var gerð samþykkt um söluna á lögmætum framhaldsaðalfundi í október 1980.

Málsástæður áfrýjanda eru þrjár. Í fyrsta lagi sú, að söluverð eigna félagsins hafi verið langt undir sannvirði og að meiri hluti hluthafa hafi með sölunni misnotað af ásetningi aðstöðu sína í félaginu. Í málinu hafa ekki komið fram gögn, sem á verði byggt um það, hvert var sannvirði hinna seldu eigna eða neitt, sem til þess bendir, að hluthafar hafi misnotað aðstöðu sína. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina á grundvelli þessarar málsástæðu.

Í öðru lagi reisir áfrýjandi kröfur sínar á því, að samþykktir hlutafélagsins hafi verið brotnar, með því að haldinn hafi verið hluthafafundur 8. mars 1980, þó að hann hefði ekki verið til hans boðaður fyrr en með símskeyti 4. mars, er ekki hafi heldur komið til skila. Það er að vísu ljóst, að sú fundarboðun var með of skömmum fyrirvara samkvæmt 10. gr. samþykkta félagsins, sem mælti fyrir um, að félagsfundi skyldi boða með viku fyrirvara. Ekkert er þó komið fram, sem bendir til þess, að ætlunin hafi verið sú að bægja áfrýjanda frá fundarsetu. Ákvörðun sú, sem tekin var á fundi þessum um sölu eigna Þorlákssvarar h/f til réttargæslustefnda, var og borin undir og löglega staðfest af framhaldsaðalfundi 21. október 1980, sem áfrýjandi sat ásamt lögmanni sínum. Verða kröfur áfrýjanda ekki teknar til greina á þeim grundvelli, sem hér um ræðir.

Loks byggir áfrýjandi á þeirri málsástæðu, að í raun hafi tilgangi félagsins verið gerbreytt með hinni umdeildu sölu. Í stofnsamningi segir, að tilgangurinn sé rekstur fasteigna, fiskverkun, útgerð og annar skyldur atvinnurekstur. Hið sama segir í samþykktum félagsins. Eftir eignasöluna 1980 hefur engin starfsemi sem þessi verið á vegum félagsins. Ekki verður þó talið, að stofnsamningurinn og samþykktirnar hafi verið brotnar, þó að starfsemin hafi legið niðri eins og lýst var, enda ekki fram komið, að félagið hafi haft fé til

framkvæmda, kröfur komið um þær frá hluthöfum, áfrýjanda eða öðrum, og mál þetta hefur verið rekið fyrir dómstólum síðan í ársbyrjun 1981. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina á þessum grundvelli.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm að því leyti sem honum er áfrýjað. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðfinnur Karlsson, Guðmundur Þorleifsson, Haraldur Eyvindsson, Karl Karlsson, Sigríður Jónsdóttir og Sigurður Þorleifsson, eiga að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Árna Ág. Gunnarssonar.

Áfrýjandi greiði stefndu 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda að hann teldi, að Þorláksvör h/f væri varnaraðili hér fyrir dómi og að sömu kröfur væru gerðar á hendur félaginu og gerðar voru í héraði. Af stefndu hálfu var ekki hreyft athugasemdum við þessari skoðun áfrýjanda eða því, að kröfur væru gerðar á hendur hlutafélaginu fyrir Hæstarétti.

Í stefnu málsins til Hæstaréttar er hlutafélagsins Þorlákssvarar ekki getið meðal þeirra, sem stefnt er fyrir Hæstarétt, né fyrirsvarmanna hlutafélagsins sem slíkra. Í áfrýjunarleyfi dómsmálaráðherra frá 20. janúar 1983 er hlutafélagsins Þorlákssvarar eigi heldur getið. Samkvæmt meginreglum 113. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, ber því ex officio að vísa frá Hæstarétti öllum kröfum á hendur Þorlákssvör h/f.

Kröfu um slit hlutafélags samkvæmt 115. gr. laga um hlutafélög verður aðeins beint að hlutafélaginu sjálfu, en ekki hluthöfum þess, hvorki einstökum hluthöfum, tilteknum fjölda þeirra né þeim öllum. Hinir stefndu fyrir Hæstarétti eru því ekki réttir aðiljar til

að svara til saka um kröfur þær, sem uppi eru hafðar í málinu. Ber því að sýkna þá af öllum kröfum í málinu samkvæmt 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, sbr 58. gr. laga nr. 75/1973.

Ég tel afgreiðslu meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu á kröfum áfrýjanda á hendur Þorláksvör h/f jafngilda frávísun frá Hæstarétti, þó að þeir hafi kosið aðra aðferð en ég tel rétt samkvæmt 113. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, svo sem að framan greinir. Tel ég því ekki skilyrði til þess, að ég fjalli um efni málsins eftir 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Ég tel, að eftir öllum málavöxtum sé rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 12. júlí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 22. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi að nýju, hefur Árni Ág. Gunnarsson viðskiptafræðingur, Viðilundi 6, Garðabæ, höfðað á hendur Karli Karlssyni skipstjóra, Heinabergi 24, Þorlákshöfn, Sigríði Jónsdóttur húsfreyju, s.st. með stefnu, birtri 13.2.81, Sigurði Þorleifssyni verkamanni, Oddabraut 1, Þorlákshöfn, með stefnu birtri s.d., Guðfinni Karlssyni skipstjóra, Lýsubergi 5, Þorlákshöfn, með stefnu, birtri s.d., Guðmundi Þorleifssyni stýrimanni, Laugalæk 7, Reykjavík, með stefnu, birtri 12.2.81. og Haraldi Eyvindssyni rennismið, Bárugötu 14, Reykjavík, og til réttargæslu Guðna Sturlaugssyni, Klébergi 15, Þorlákshöfn.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert með dómi aukadómþingsins að þola samkvæmt 115. gr. laga nr. 32, 1978 að hlutafélaginu Þorláksvör h.f. verði slitið með dómi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt, að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í., aukatekjulögum og reikningum um útlagðan kostnað. Í réttarhaldi hinn 16. mars sl. samþykkti lögmaður stefndu og réttargæslustefnda jafnframt að mæta f.h. h.f. Þorlákssvarar samkv. kröfu stefnanda, sem gerði sömu kröfu á hendur hlutafélaginu og á hendur öðrum stefndu. Jafnframt gerði hlutafélagið sömu kröfu á hendur stefnanda og stefndu gerðu.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hafnað verði með öllu kröfum stefnanda um það, að stefndu þurfi að þola slit á hlutafélaginu Þorláksvör h.f., Þorlákshöfn. Þá er einnig krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda samkv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. svo og reikningum um útlagðan kostnað svo og sýknu af málskostnaðarkröfu stefnanda.

Af hálfu réttargæslustefnda er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda.

Sættir í málinu hafa verið reyndar, en án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefnandi er eigandi 1/5 hlutafjár í Þorláksvör h.f., en stefndu eiga saman 4/5 hluta. Hann hafi verið einn þriggja stjórnarmanna h.f. Þorlákssvarar frá aðalfundi 4.11. 1976 til aðalfundar 30. sept. 1980. Tilgangur starfsemi Þorlákssvarar h.f. muni vera rekstur fasteigna, útgerð og annar skyldur atvinnurekstur skv. 2. gr. samþykktu félagsins. Skv. 17. gr. samþykktanna þurfi samþykki allra hluthafa félagsins til að breyta tilgagni félagsins „að verulegu leyti“. Félagið hafi átt og rekið myndarlega fiskvinnslustöð í Þorlákshöfn, fiskverkunarhús 1200 m² að brunabótamati gkr. 122.835.000 og gkr. 45.621.000 auk 4,2 hektara leigulóðar ásamt undirbúningi og efni í nýbyggingu, öll tæki og vélar til saltfisk- og skreiðarvinnslu, hjalla o.fl.

Með kaupsamningi 1. mars 1980 selja tveir stjórnarmenn, stefndu Karl og Sigurður réttargæslustefnda öll hús, vélar og tæki fyrir gkr. 110.000.000, og skyldi greiða hluta kaupverðsins með veðbréfum.

Í samþykktum félagsins, 20. gr., er gert ráð fyrir samþykki allrar stjórnarinnar til þess m.a. að selja og veðsetja fasteignir félagsins.

Samningur þessi var síðar samþykktur á aðalfundi félagsins hinn 30. september 1980 með atkvæðum allra stefndu gegn harðorðum mótmælum stefnanda.

Málsástsæður og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að með sölu eigna h.f. Þorlákssvarar skv. kaupsamningi, dagsettum 1. mars 1980, hafi ekki verið gætt þess ákvæðis 20. gr. samþykktu félagsins, sem kveður á um það að samþykki allrar stjórnarinnar þurfi til að selja og veðsetja eignir félagsins.

Stefnandi heldur því einnig fram, að til viðbótar því, að samningurinn sé ólöglega gerður, sé kaupanda bersýnilega ívilnað.

Jafnframt heldur stefnandi því fram, að með umræddri sölu sé tilgangi félagsins breytt að verulegu leyti og að til þess þurfi einróma samþykki hluthafa.

Stefndu halda því fram, að skilyrði 115. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 eigi alls ekki við í máli þessu og beri því með öllu að hafna kröfum stefnanda um slit á h.f. Þorlákssvör.

Stefndu halda því fram, að samkv. 9. gr. samþykktu hins stefnda félags hafi lögmætir félagsfundir æðsta vald í öllum félagsmálum með þeim takmörkunum, sem landslög og samþykktir þessar setja. Samkv. 17. gr. sam-

þykktanna ráði afl atkvæða úrslitum á félagsfundum, en þar er jafnframt tekið fram, að félaginu verði eigi slitið nema á löglega boðuðum fundi, þar sem mættir séu eigendur eða umboðsmenn þeirra fyrir $\frac{3}{4}$ hlutum hlutafjárins og þurfi slíkt samþykki $\frac{4}{5}$ greiddra atkvæða á fundinum.

Stefndu halda því fram, að á stjórnarfundi hinn 1. mars 1980, þar sem allir stjórnarmenn hins stefnda félags hafi verið mættir, þ. á m. stefnandi þessa máls, hafi komið fram tilboð um kaup á fiskverkunarhúsi félagsins. Stefnandi hafi hlaupið af fundi, áður en málið var útrætt. Þá hafi hinir stjórnarmennirnir tveir, stefndu Karl Karlsson og Sigurður Þorleifsson, undirritað samning þann, sem deilt er um í þessu máli, með fyrirvara um samþykki hluthafafundar, eins og fram komi í kaupsamningnum. Telja stefndu, að undirritun þeirra tveggja stjórnarmanna, sem hér greinir, hafi ekki verið annað en viljayfirlýsing þeirra um, að salan færi fram, en að sjálfsgöðu yrði boðaður hluthafafundur að skera úr um málið.

Til þess hluthafafundar hafi verið boðað hinn 8. mars 1980 og stefnandi hafi verið boðaður með símskeyti, sem sent hafi verið hinn 4. mars s.á. kl. 12:50.

Hluthafafundinn hafi sótt hluthafar, sem hafi ráðið 79% allra atkvæða í félaginu. Samningurinn hafi verið lagður fyrir fundinn og hann samþykktur að efni til með öllum greiddum atkvæðum allra viðstaddra hluthafa.

Félaginu verði eigi slitið nema á félagsfundi, þar sem mættir eru umboðsmenn eigenda 75% hlutafjár, enda sé slíkt samþykkt með $\frac{4}{5}$ greiddra atkvæða á fundinum. Sala á eignum félagsins geti tæpast talist mikilvægari ákvörðun en slit þess og verði því ekki ríkari krafa til atkvæðamagns þess, er til slíkrar ákvörðunar þarf, en til félagslita. Ákvörðunin sé því fyllilega lögleg, enda tekin á löglega boðuðum félagsfundi með svo gífurlegum meirihluta atkvæða hluthafa.

Stefndu telja fullyrðingar stefnanda um annarlegar ástæður hluthafa til sölunnar algerlega út í loftið og ósannaðar, þar sem allir hluthafar hlytu að hafa hug á því að fá sem mest út úr hlutafjáreign sinni við sölu.

Hvað þá fullyrðingu stefnanda varðar, að með þessari ráðstöfun hafi verið um að ræða breytingu á tilgangi félagsins, sé því mótmælt. Aðeins hafi verið um að ræða að bjarga fjárhagsvanda fyrirtækisins í bili.

Eins og fyrr er greint, eru engar kröfur gerðar á hendur réttargæslustefnda, en hann gerir aftur á móti kröfu um málskostnað.

Álit dómarans.

Í máli þessu er um það deilt, hvort í fyrsta lagi ákvörðun um sölu eigna h.f. Þorlákssvarar hafi verið tekin með lögmætum hætti og í öðru lagi, hvort stefndu hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða brotið hluta-

félagalög eða samþykktir h.f. Þorlaksvarar, þ.e. brotið 115. gr. laga um hlutafélög nr. 32. 12. maí 1978.

Um það er ekki ágreiningur, að gerðar höfðu verið tilraunir til að selja eignir félagsins, áður en sala til réttargæslustefnda kom til álita.

Á stjórnarfundinum hinn 1. mars 1980 hefur verið rætt um hugsanlegan kaupsamning þann við réttargæslustefnda, sem deilt er um í máli þessu. Á þennan fund mætti öll stjórn félagsins, en áður en útrætt varð um kaupsamninginn, gekk stefnandi af fundi, eftir því sem ráðið verður af fundargerð áður en fundi lauk (dskj. nr. 5).

Þá þegar höfðu stefndu Sigurður Þorleifsson og Karl Karlsson lýst skoðun sinni, þ.e. að ganga til samninga við réttargæslustefnda. Stefnandi hefur ekki borið á móti því að hafa vikið af fundi með þessum hætti. Honum var þó kunnugt um hugsanlega sölu til réttargæslustefnda, er hann (stefnandi) vék af fundi stjórnarinnar.

Ekki er unnt að sjá né heldur hefur komið fram undir rekstri málsins, að stefnandi hafi óskað eftir, að færð yrðu til bókar mótmæli hans gegn greindum samningi. Sömuleiðis hefur ekki komið fram, hvers vegna stefnandi vék af umræddum fundi.

Telja verður, að stefndu hafi mátt gera ráð fyrir því, að stefnanda væri kunnugt um hluthafafundinn 8. mars 1980, þar eð símskeyti var sent til hans hinn 4. mars s.á. Hins vegar segir í 10. gr. samþykktu félagsins, að slíkt skuli gera með viku fyrirvara. Þó verður ekki talið, að þessi boðun valdi ógildi ákvörðunar hluthafafundarins, þar sem reglna um sannanleika boðunar var gætt. Stefnandi átti þess einnig kost að hafa ákvörðunarvald, a.m.k. umsögn um fundartímann á stjórnarfundinum 1. mars 1980. Hann kaus að sinna ekki skyldum sínum sem stjórnarmaður og víkja af fundi, að því er best verður séð án nokkurrar tilgreindrar ástæðu. Með þessu athæfi virðist stefnandi hafa fyrirgert rétti sínum til að hafa frekari áhrif á ákvarðanir stjórnarfundarins, sem samþykkti að ganga til samninga með fyrirvara um samþykki hluthafafundar.

Ekki er unnt að telja, að þeir hluthafar, sem sóttu hluthafafundinn 8. mars 1980, hafi af ásetningi verið að misnota sér aðstöðu sína í félaginu eða á annan hátt brotið gegn 115. gr. laga nr. 32/1978.

Um þá málásástæðu stefnanda, að réttargæslustefnda hafi bersýnilega verið ívilnað, vísast til þess, að bæði stefnandi og vitnið Hjálmar Styrkársson bera, að við samningsgerðina hafi verið mæst á miðri leið eða ákveðið bil brúað, svo notuð séu orð vitnisins. Það hefur komið fram, að fyrirtækið átti í vandræðum. Rekstur hafði enginn verið í u.þ.b. tvö ár, engir bátar höfðu verið í viðskiptum og rekstrarfjárstaða var slæm. Stefnandi hefur ekki mótmælt lýsingu réttargæslustefnda á ásigkomulagi hinna seldu húsa,

sem að sögn þess síðarnefnda var slæmt. Vélar hafi verið ónotaðar í tvö ár og loks hafi hjallar verið lélegir.

Ekki verður fallist á það með stefnanda, að breytt hafi verið tilgangi hlutafélagsins, þó eignir hafi verið seldar til að komast hjá nauðungarsölu, enda hafði stefnandi látið það óátalið, að enginn rekstur ætti sér stað í u.þ.b. tvö ár, eftir því sem ráðið verður af gögnum málsins. Stefnandi sat reyndar í stjórn félagsins þann tíma.

Það er því niðurstaða dómarsins, að ekki sé unnt að taka kröfu stefnanda til greina um, að stefndu þoli slit á h.f. Þorláksvör í samræmi við 115. gr. laga nr. 32/1978, þar sem ekki eru leidd að því nein viðhlítandi rök, að um misnotkun af ásetningi hafi verið að ræða, né heldur að hluthafar hafi af ásetningi brotið eða tekið þátt í brotum á framangreindum lögum eða samþykktum h.f. Þorlaksvarar.

Hæfilegt þykir, að stefnandi greiði hinum stefndu óskipt í málskostnað kr. 14.695,00.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Helgi Kjartansson fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu stefnanda, Árna Ág. Gunnarssonar, um, að stefndu, h.f. Þorláksvör og hluthafarnir Karl Karlsson, Sigríður Jónsdóttir, Sigurður Þorleifsson, Guðfinnur Karlsson, Guðmundur Þorleifsson og Haraldur Eyvindsson, skuli þola slit félagsins með dómi.

Stefnandi greiðir stefndu óskipt í málskostnað kr. 14.695,00.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.